

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þórarins Stefáns Eiríkssonar á Torfastöðum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og 13. maí kirkjumálaráðherra 13. maí 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þórarins Stefáns Eiríkssonar á Torfastöðum.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um elskaðan son okkar undirritaðra prestshjóna að Torfastöðum, Þórarins Stefáns, sem fæddur var að Torfastöðum 29. júlí 1908 og dáinn einnig þar 23. febrúar 1926. Er sjóðurinn stofnaður á 27. afmælisdegi hans eða 29. júlí s. l. Skal hann ætíð kenndur við nafn hans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.00 — fimm hundruð krónur — sem er andvirði orgelharmoníums, er við gáfum barnaskólanum í Reykholti, þegar hann var reistur veturinn 1927—28, til minningar um fyrnefndan son okkar, en breyttum í sjóðsstofnun með samþykki skólaneftdar, og seldum eigendum Skálholtsstaðar fyrir kirkjuharmoníum þar. Skal sjóðurinn því vera ævarandi eign barnaskólans.

3. gr.

Sjóðurinn eykst af vöxtum (sbr. 6. gr.), gjöfum og áheitum. Skal hann ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur Torfastaðaprestakalls og kona hans og skólastjóri barnaskólans í Reykholti. Sé presturinn ókvæntur, þá getur hann kosið til eins árs í senn þriðja mann í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að glæða áhuga barnanna fyrir íslenzku og íslenzkum fræðum og jafnframt að auka þekkingu þeirra á því sviði. Þessum tilgangi viljum við ná með því, að veita bókaverðlaun því eða þeim börnum, sem skara fram úr skólasystkinum sínum við fullnaðarpróf í að tala og rita rétt og fallett mál, í skýrum og áheyrilegum lestri, sýna snirtilegastan (sic) og skipulegastan frágang á skriflegum verkefnum sínum, svo og eru bezt að sér í sögu Íslands, þó að því áskyldu, að það eða þau, er komið geta til greina við verðlaunaúthlutun, samkvæmt framangreindu, séu siðsöm og hafi mátt teljast í því efni til fyrirmyndar skólasytkinum sínum.

Vali verðlaunabókanna skal haga sem bezt að kostur er samkvæmt tilgangi sjóðsins.

Úthlutun verðlaunanna fari árlega fram 29. júlí eða næsta sunnudag fyrir eða eftir, beri hann ekki upp á sunnudag.

Stjórn sjóðsins (sbr. 4. gr.) dæmi um verðlaunahæfni barnanna, enda sé prestur og kona hans viðstödd fullnaðarpróf í skólanum í ofangreindum námsgreinum. Komi þeim eigi saman um, hvert eða hver börn skuli hljóta verðlaunin, ræður afl atkvæða og sömuleiðis um önnur atriði, sem eigi fæst samkomulag í. Ekkert barn getur þó komið til greina við úthlutun verðlaunanna nema það hafi að minnsta kosti náð, í umræddum námsgreinum, hæstu fyrstu einkunn.

35

13. maí

6. gr.
 Árlega og ávallt skal leggja $\frac{1}{4}$ — einn fjórða — hluta vaxtanna við höfuðstólinn. Hið annað vaxtanna gangi til verðlauna eftir þeim reglum, sem 7. gr. tekur fram.

7. gr.

Af þeim $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu — hlutum vaxtanna, sem árlega koma til útborgunar, samkvæmt 6. gr., má verja til bókaverðlauna allt að kr. 50.00 — fimmtíu krónum — (sbr. 5. gr.) sé aðeins um eitt fullnaðarprófsbarn að ræða, sem skari fram úr. En séu þau tvö, sem litill eða enginn munur verði gerður á, má og veita önnur verðlaun. Undir þeim kringumstæðum má veita til verðlaunanna allt að kr. 75.00 — sjötíu og fimm krónum —. Hlutfallið á milli fyrstu og annara verðlauna ákveður í hvert skipti stjórn sjóðsins.

Finnist henni í eitthvert skipti, að ekkert fullnaðarprófsbarnanna hafi unnið til verðlaunanna þá leggjast í það sinn allir vextirnir við höfuðstólinn (sbr. 5. gr.).

8. gr.

Nú kemst útborgunarhluti vaxtanna ($\frac{3}{4}$ hlutar þeirra) upp í kr. 100.00 — eitt hundrað krónur — fram yfir hámark bókaverðlaunanna til fullnaðarprófs barns (barna) eða þar yfir, þá má veita ungmenni, karli eða konu, sem áður hefir tekið fullnaðarpróf við barnaskólann í Reykholti, námsstyrk við aðra skóla, héraðsskóla, gagnfræðaskóla, kvennaskóla, menntaskóla eða háskóla, enda leggi hlutaðeigandi nemandi fram vottorð viðkomandi kennara um mikla ástundun og góð framför í íslenskum fræðum (sjá 5. gr.), svo og siðferðisvottorð þeirra fyrir liðið skólaár. Námsstyrkur þessi má aldrei vera minni en kr. 100.00 — eitt hundrað krónur — í senn til sama nemanda, og aldrei meiri en sem svari hálfum námskostnaði hans hvert liðið skólaár.

Verði sjóðurinn þess megnugur, þá má veita námsstyrk úr honum fleirum gömlum nemendum frá Reykholtsbarnaskóla í senn eftir framanskráðum reglum, þó aldrei nema einum við hvern skóla sama skólaárið.

Sjóðsstjórnin úthlutar námsstyrkjunum á sama degi og bókaverðlaununum (sjá 5. gr., 3. málsg.).

9. gr.

Verði barn eða ungmenni, sem fengið hefir áður verðlaun eða námsstyrk úr sjóðnum, hjálparþurfi vegna veikinda eða slysa, svo að það geti ekki haldið áfram námi sínu, þá má veita því sjúkrastyrk úr sjóðnum, sem svari þeim námsstyrk, er það ella hefði fengið, enda sé það, vegna efnaskorts, þurfandi fyrir slíkan styrk og njóti ekki sveitarstyrks.

10. gr.

Komi þeir tímar, að vaxtahluti sá, sem til útborgunar á að falla ($\frac{3}{4}$ hlutar) verði svo mikill, að eigi þurfi hans alls við til verðlauna, námsstyrkja eða sjúkrastyrkja (sbr. 5., 8. og 9. gr.), þá má verja því, sem umfram er til eflingar barnaskólanum í Reykholti, sérstaklega bókasafni hans í íslenskum fræðum til styrktar, en þar næst íþróttalífi skólans til eflingar.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikning sjóðsins, undirritaðan af stjórn sjóðsins. Sjóðsstjórninni ber enn fremur að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, verðlauna- og styrkveitingar úr sjóðnum, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Við skólauppsögn á vorin skal reikningurinn með fylgiskjölum lesinn upp og þessi skipulagsskrá þá einnig kynnt aðstandendum barnanna.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu árlega birtir í **35**
Lögbirtingablaðinu. 13. maí

12. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema með samþykki stofnenda þessa minningarsjóðs.

13. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Torfastöðum í Biskupstungum, á síðasta vetrardag 1936.

Sigurlaug Erlendsdóttir. Eiríkur Þ. Stefánsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóð Mývetninga“, útgefin á 36
venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 18. maí 1938. 18. maí
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasjóð Mývetninga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Mývetninga. Hann er stofnaður árið 1912 af ungmennafélaginu Mývetningur með kr. 100.00 til minningar um látna féлага. Síðan hefir ungmennafélagið aukið sjóðinn með nokkrum hluta árlegra tekna sinna. Minningargjafir um dána menn hafa sjóðnum borizt að upphæð kr. 625.00. Árið 1935 samþykkti hreppsfundur í Skútustaðahreppi, að til sjóðsins skyldu renna kr. 2440.00, en það er meiri hluti brunabótasjóðs hreppsins, sem honum féll þá til eignar, er ný landslög um brunatryggingar gengu í gildi. Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 4015.51, þar af kr. 1465.51 í sparissjóðsbók nr. 184 í Sparisjóði K. Þ. í Húsavík og kr. 2550.00 í Innlánsdeild K. Þ. í Húsavík.

2. gr.

Sjóðurinn er sameign hreppsúa í Skútustaðahreppi, en hagnýta má hann þó aðeins á þann hátt, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að veita hjálp ungu og gömlu fólki í Skútustaðahreppi, er verður fyrir veikindum, enda njóti það ekki slysabóta eða annarar slíkrar hjálpar úr opinberum sjóðum á sama tíma. Við úthlutun styrks úr sjóðnum koma þessar ástæður til greina: læknisvitjanir, læknisáðgerðir, lyfjakaup, sjúkrahúsvist, langvarandi lega í heimahúsum og vinnutjón.
2. Að veita hjálp, ef þörf er á, konu, börnum eða öldruðum foreldrum hinna sjúku, hafi þau verið á þeirra framfæri.

4. gr.

Við stofnfé sjóðsins skal árlega leggja að minnsta kosti helming ársvaxta. Minningargjafir skulu og ávallt leggjast við höfuðstólinn. Hinum helming ársvaxta og öllum öðrum tekjum má verja árlega til styrktar, ef mikil nauðsyn er á. Komi